

Herbergjaskipan

Skálinn í Hólaskógi er á tveimur hæðum með svefnpokapláss fyrir 44 gesti. Á neðri hæð eru þrjú herbergi og á efri hæð eru tvær svefnálmur með aðskildum svefnrýmum. Gestir koma sjálfir með lak, svefnpoka eða sæng og koddar.

Efri hæð (tvær álmur með skilrúmum)		Neðri hæð (þrjú herbergi)		
Vinstri álma	Hægri álma	Þjórsárdalur	Kerlingarfjöll	Landmannalaugar
Rúm 80 Rúm 80	Rúm 80 Rúm 80	Koja 80+80	Koja 80+80	Koja 80+80
Koja 80+80 Koja 80+80	Koja 80+80 Koja 80+80	Koja 80+80	Koja 80+80	Koja 80+80
Koja 160+160 Koja 160+160	Koja 160+160 Koja 160+160	Koja 160+160	Koja 160+160	Koja 160+160
Samtals 10 manns	Samtals 10 manns	Samtals 8 manns	Samtals 8 manns	Samtals 8 manns

Aðstaðan

Á hvorri hæð er fullbúið eldhús með helstu tækjum og áhöldum til matreiðslu ásamt uppþvottavél. Úti er gasgrill. Á neðri hæð eru tvö salerni og tvær sturtur og á efri hæð er eitt salerni. Rafmagnskeynding er í húsinu.

Þrif

Gestir eru beðnir að skila skálanum í sama ástandi og þeir tóku við honum og taka með sér allt rusl. Sé aðstöðunni ekki skilað í fullnægjandi ástandi leggst þrifagjald að upphæð 100.000 kr. á heildarverð gistingarinnar. Nánari leiðbeiningar um þrif hanga á veggjum í Hólaskógi.

Verð

Lágmarksbókun miðast við tólf gesti. Kjósi gestir uppábúin rúm greiðast 9.500 kr. aukalega fyrir hvern gest.

Greiðslu- og afbókunarskilmálar

Greiða þarf pöntunina við bókun með greiðslutengli. Ef þú ert með viðskiptareikning hjá Hrauneyjum/ Hólaskógi verður bókunin reikningsfærð eftir brottför gesta.

Afbókun

- Gistingu má afbóka án endurgjalds allt að 30 dögum fyrir komu.
- Ef gisting er afbókuð með 15-29 daga fyrirvara þarf að greiða helming af heildarverði.
- Ef gisting er afbókuð með minna en 14 daga fyrirvara þarf að greiða gistinguna að fullu.

Fjöldi gesta (minnst 12 gestir)	Neðri hæð (24 gestir)	Efri hæð (20 gestir)
12	125.900	125.900
13	136.400	136.400
14	146.900	146.900
15	157.400	157.400
16	167.900	167.900
17	178.400	178.400
18	188.900	188.900
19	199.400	199.400
20	209.900	209.900
21	220.400	
22	230.900	
23	241.400	
24	251.900	

Við bjóðum upp á sértílbóð fyrir hópa sem vilja leiga allan skálann í þrjár nætur eða fleiri.